



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarstjóra

Sendandi: Skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Viðbrögð Reykjavíkurborgar við takmörkunum heilbrigðisráðherra á samkomum

Inngangur

Allt frá því fréttir tóku að berast af útbreiðslu COVID-19 hefur neyðarstjórn Reykjavíkurborgar unnið að því að undirbúa viðbrögð við útbreiðslu veirunnar hér á landi. Óvissustigi almannavarna var lýst yfir þann 27. janúar sl. en þann 31. janúar fór fram æfing neyðarstjórnar þar sem viðbrögð við COVID-19 voru undirbúin í þeim tilgangi að tryggja samræmd, fagleg og fumláus viðbrögð sviða, skrifstofa og starfsstaða borgarinnar við hugsanlegum faraldri.

Viðbragðsáætlun neyðarstjórnar var uppfærð þann 13. febrúar sl. Hættustigi almannavarna var lýst yfir þann 28. febrúar sl. og síðar neyðarstigi þann 6. mars sl. Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hefur fundað nær daglega frá því að hættustigi og svo neyðarstigi var lýst yfir og hefur gripið til ýmissa ráðstafana, bæði í þjónustu borgarinnar og innri starfsemi. Leiðbeiningar, tilmæli og reglur hafa verið gefnar út af Reykjavíkurborg til stjórnenda, starfsmanna og þjónustuþega. Viðbrögð borgarinnar miða að því fyrst og fremst að draga úr útbreiðslu COVID-19 veirunnar, vernda borgarbúa, þjónustuþega borgarinnar og starfsfólk borgarinnar með sérstaka áherslu á viðkvæma hópa og tryggja eftir megni að ekki verði rof í starfsemi borgarinnar bæði lögboðinni þjónustu sem annari miðað við ástand hverju sinni. Reykjavíkurborg fylgir tilmælum og leiðbeiningum sóttvarnalæknis og almannavarna.

Á tímum sem þessum er samstarf ólíkra aðila afar mikilvægt. Frá því heilbrigðisráðherra í samræmi við tillögu sóttvarnalæknis setti á takmörkun á samkomum hefur stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) fundað reglulega í þeim tilgangi að samræma þjónustu og skilaboð sveitarfélaganna til almennings sem og starfsmanna sveitarfélaganna. Þá hafa fulltrúar Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga verið í samstarfi ekki síst í þeim tilgangi að útfæra með hvaða hætti skólahlaldi skuli háttað við þessar aðstæður. Í þeim tilgangi áttu borgarstjóri, fulltrúar Reykjavíkurborgar og fulltrúar Sambandsins fund með mennta og menningarmálaráðuneytinu, forystu kennarasambandsins, sóttvarnalækni, fulltrúa Landlæknis og ríkislögreglustjóra. Markmið fundarins var að stilla saman stengi og í útfærslu á skólahlaldi við þessar óvanalegu aðstæður. Þá hefur borgarstjóri fundað með Jónsmessunefnd sem í sitja ráðuneytisstjórar allra ráðuneyta og formaður Sambandsins auk borgarstjóra. Þá hefur Reykjavíkurborg verið í samstarfi við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins á öllum stigum málsins enda slökkviliðsstjóri framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Takmörkun á samkomum

Heimsbyggðin öll stendur nú frammi fyrir því risavaxna verkefni að hefta og hægja á útbreiðslu COVID-19 veirunnar. Lönd hafa gripið til mismunandi ráðstafana, sum hafa aðhafst lítið önnur lokað landinu og sett á útgöngubann og ferðabann. Heilbrigðisyfirvöld og almannavarnir á Íslandi hafa tekið á málinu af yfirvegum og festu og hefur tekist að koma í veg fyrir mikla útbreiðslu veirunnar hér á landi þegar þetta er skrifað. Heilbrigðisráðherra hefur í samræmi við tillögu sóttvarnalæknis sett á takmörkun á samkomum frá 16. mars til 12. apríl nk. Þessi takmörkun gildir ekki um skólalæsi leik- og grunnskóla, um það gildir önnur takmörkun ráðherra með sama gildistíma. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vinnur nú í samræmi við hana og er því nánar lýst hér neðar í kafla um skóla og frístundasvið. Fyrir vinnustaði felur samkomubann í sér að tryggja þarf að ekki séu fleiri en 100 einstaklingar staddir á sama tíma á vinnustaðnum. Auk þess skal á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi eftir því sem unnt er skipuleggja rými með þeim hætti að hægt sé að hafa að minnsta kosti tvo metra á milli einstaklinga. Í mötuneytum borgarinnar skal tryggt að nálægðartakmarkanir séu virtar og unnið sé að því að takmarka samgang á milli starfseininga til að tryggja órofna starfsemi eftir föngum.

Þjónusta borgarinnar er margþætt og vinnustaðirnir margir og ólíkir. Hvert fagsvið borgarinnar hefur gert eigin áætlun um hvernig best sé að haga starfsemi sinni á meðan á samkomubanni stendur. Almenn gildir að þeir viðburðir sem skipulagðir voru á tímabilinu fyrir 100 manns eða fleiri hafa verið felldir niður eða þeim frestað.

Starfsemi borgarinnar hefur verið skipulögð þannig að sem minnst röskun verði þegar og ef fólk veikist. Þar sem það er mögulegt, t.d. í stjórnsýsluhúsum tveimur; Ráhúsi og Höfðatorgi hefur vinnusvæðum verið skipt í hólf og nýjar umgengisreglur tekið gildi sem lágmarka smithættu stærri hópa. Þar sem mögulegt er vinnur starfsfólk að hluta eða í heild að heiman og fundir eru takmarkaðir nema gegnum síma eða fjarfundabúnað.

Upplýsingamiðlun til starfsfólks

Áhersla er lögð á að stjórnendur og starfsfólk borgarinnar sé upplýst með skjótum, samræmdum og skýrum hætti um þær breytingar sem kunna að vera á þeirra starfi og starfsumhverfi vegna COVID-19. Auk hefðbundinna samskipta stjórnenda við sitt starfsfólk, t.d. með tölvupósti, hefur verið opnuð [upplýsingasíða](#) á innri vef borgarinnar með helstu upplýsingum fyrir bæði starfsfólk og stjórnendur og öllum þeim leiðbeiningum og tilmælum sem í gildi eru hverju sinni. Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar er komin með eigin aðgang á Workplace sem notaður er til að miðla helstu upplýsingum þvert á borgarkerfið.

Upplýsingamiðlun til borgarbúa

Fréttir eru birtar á vefsíðu borgarinnar jafnóðum með öllum helstu upplýsingum um áhrif COVID-19 á þjónustu og starfsemi borgarinnar. Sett hefur verið upp ný síða á vef Reykjavíkurborgar þar sem hægt er að sjá hver þjónusta Reykjavíkurborgar er í samkomubanni. <https://reykjavik.is/covid19> Vísað er á síðuna með áberandi hætti á forsíðu. Þar hlaðast einnig inn allar fréttir frá Reykjavíkurborg um Covid-19. Þar er texti bæði á íslensku og ensku og er unnið að því að gera einnig pólskar útgáfur. Mannréttindaskrifstofa og upplýsingadeild vinna að því í samstarfi við starfsfólk viðeigandi sviða, skrifstofa og starfsstaða að upplýsingar á innri og ytri vef séu í auknum mæli á tungumálum fjölmennustu tungumálanna. Þá er efni miðlað á samfélagsmiðlum borgarinnar jafnóðum og eitthvað gerist.

Ráðstafanir varðandi hreinlæti og þrif

Frá því hættustigi og síðar neyðarstigi var lýst yfir hefur verið aukið við þrif á stofnunum og starfsstöðum Reykjavíkurborgar í samræmi við tilmæli Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í því felst m.a. sóttþreinsun á öllum helstu snertiflötum almennra rýma, svo sem lyftuhöppum, handriðum, hurðarhúnum, stólörnum í fundarherbergjum o.s.frv. Þá hafa almenn þrif og þrif á salernum verið aukin.

Leiðbeiningar um sóttvarnir hafa verið settar upp í mötuneytum og víða í vinnurýmum á vegum Reykjavíkurborgar. Samhliða því að sett var á samkomubann þann 16. mars sl. gáfu Almannavarnir og Embætti landlæknis út leiðbeiningar um þrif í grunn- og leikskólum og er unnið samkvæmt þeim. Handþvottur með sápu er mikilvægasta sýkingavörnin og aukin áhersla hefur verið lögð á hann t.d. með veggspjöldum. Handspritt hefur verið sett í vinnurými fundaherbergi, kaffistofur, við innganga, lyftur og víðar og starfsfólk hvatt til að nýta sér það. Unnið hefur verið að hólfun og ýmsum öðrum ráðstöfunum á starfsstöðum borgarinnar til að minnka hættu á smiti milli manna.

Þjónusta á vegum Reykjavíkurborgar

Samkomubann hefur víðtæk áhrif í samfélaginu öllu og er þjónusta Reykjavíkurborgar ekki undanskilin því. Hér að neðan er farið yfir til hvaða ráðstafana hefur verið gripið í þjónustu og starfsemi Reykjavíkurborgar vegna þessarar fordæmalausu stöðu.

Skóla og frístundasvið

Starfsemi skóla- og frístundasviðs hefur verið endurskipulögð til að samræmast takmörkun heilbrigðisráðherra á skólastarfi vegna farsóttar sem gildir frá 16. mars sl. til 12. apríl nk. Leikskólar og skólar verða opnir ásamt frístundastarfi en þjónusta verður skert mismunandi eftir skólum. Unnið er samkvæmt tilmælum sóttvarnarlæknis um smitgát, aukin þrif og sóttthreinsun bygginga að loknum skóla- og frístundadegi.

Leikskólar

Starfsemi leikskóla er haldið gangandi á sem öruggastan hátt í samræmi við ákvörðun heilbrigðisráðherra á takmörkun á skólastarfi. Skólastarf í leikskólum raskast þó óhjákvæmilega. Almennt gildir að leikskólar verða opnir frá kl. 8:00 til kl. 16:15 og tekið er á móti sem nemur helmingi barna á hverri deild daglega. Meginlínan er að hvert barn komi í leikskólann tvo daga aðra vikuna og þrjá daga hina og að systkini fylgist að.

Gengið er út frá því að börn séu í sem minnstum hópum; 4-6 börn í hópi og að hóparnir verði aðskildir eins og kostur er. Tíminn eftir kl. 16.15 er nýttur til að ganga frá eftir daginn, sinna sóttvörnum og undirbúa næsta dag. Þá hefur aðgengi foreldra að leikskólunum verið takmarkað sem útfært er á hverjum leikskóla fyrir sig. Til skoðunar er að þeir foreldrar sem kjósa að halda börnum sínum heima fái niðurfellingu á gjöldum þann tíma. Leikskólastjórar bera ábyrgð á að miðla upplýsingum til foreldra og aðstandenda um útfærslu á skólastarfi í sínum skóla.

Grunnskólar

Grunnskólar halda úti eins miklu skólastarfi og kennslu og kostur er við þessar aðstæður. Hver skóli útfærir skiptingu kennslu milli viðveru heima og í skóla, er nákvæm útfærsla því mismunandi eftir skólum. Öll hefðbundin kennsla í list- og verkgreinastofum fellur niður og íþrótta- og sundkennsla er í formi hreyfingar á skólalóð, inni í hópastofum eða annarrar útikennslu. Sér- og starfsdeildir eru með óbreytta starfsemi eftir fremsta megni. Þá er matarþjónusta í boði ef mögulegt er að koma því við. Öll neysla á mat fer fram í heimastofum eða í matsal skóla í afmörkuðum hópum þar sem því er við komið. Vettvangsferðir falla niður ásamt ferðum í skólabúðir. Aðgengi foreldra að skólum hefur verið takmarkað. Miðað er við að ekki séu fleiri en 20 nemendur í kennslu í sömu stofu og að nemendur blandist ekki á milli hópa, s.s. í mötuneyti eða frímínútum. Foreldrar og forráðamenn eru beðnir um að fylgjast vel með tilkynningum frá skólum í tölvupósti og á heimasíðum skólanna.

Frístundaheimili

Frístundaheimili halda úti eins miklu starfi og kostur er miðað við fyrirskipaðar takmarkanir. Þau eru opin í framhaldi af skóladegi yngstu nemenda fyrir þau börn sem eru í skólanum þann daginn þar sem því

verður við komið. Starfsmenn frístundaheimila nýta kennslustofur hópa til starfseminnar ef kostur er til þess að draga úr blöndun milli hópa, jafnframt eru starfsmenn frístundaheimila hvattir til að nýta útivistarsvæði og skólalóð í frístundastarfi. Allar íþróttæfingar falla niður til a.m.k. 23. mars og frístundaakstur sömuleiðis.

Félagsmiðstövar

Starfsemi félagsmiðstöðva tekur breytingum þar sem megináhersla er á að mæta félagsþörf án þess að skörun verði milli hópa eða bekkja. Börn, unglingar og foreldrar eru upplýstir um hópaskiptinguna og opnun fyrir hvern hóp. Aldrei eru fleiri en 20 börn í hverjum hópi og hver hópur hefur eitt rými til umráða hverju sinni. Útfærsla er ólík milli félagsmiðstöðva en starfsfólk er hvatt til að nýta útivistarsvæði og skólalóð eins og kostur er í frístundastarfi.

Stefnt er að því að starfsemi sér- og einhverfudeilda grunnskóla verða með óbreyttu sniði eftir því sem því verður við komið. Því er mikilvægt að frístundaheimili og félagsmiðstöðvar fyrir börn í sér- og einhverfudeildum haldi starfsemi sinni sem mest óbreyttri.

Tónlistarkennsla

Tímar í hljóðfærakennslu og söngkennslu fara fram í húsnæði eða heimastöð tónlistarskóla eða skólahljómsveita. Hóptímar, s.s. hljómsveitartímar, hópæfingar, tónfundir, forskóli og tónfræðitímar falla niður auk viðburða. Viðmið þessi taka einnig til tónlistarnemenda sem eru eldri en 18 ára. Leitað verður leiða til að viðhalda virkni nemenda þrátt fyrir að fastir tónlistartímar falli niður. Nákvæm útfærsla er á höndum tónlistarskólanna.

Íþrótt- og tómstundasvið

Sundlaugar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu öllu eru opnar í samkomubanni. Þrif hafa verið aukin og mun starfsfólk lauganna spritta og þrifa snertifleti reglulega, bekkji, borð, skápa, lykla, sápuskammtara, salerni og þess háttar. Þá eru gestir beðnir um að passa upp á fjarlægðartilmaeli sóttvarnalæknis um tveggja metra bil sín á milli á öllu sundlaugarsvæðinu í búningaklefum, sturtum og pottum. Fjöldatakmörkanir miðast við 100 manns í sama rými í einu og eiga sundlaugar á flestum tímum dagsins að geta uppfyllt það skilyrði. Gufu- og eimböð eru lokuð og stöku pottur í nokkrum sundlaugum ásamt rennibrautum. Þá hefur skápum, sturtum og handklæðarekkum í notkun verið fækkað vegna fjarlægðarreglna. Búast má við fleiri börnum en vanalega í sundlaugarnar vegna skerðingar á skóla og frístundastarfi. Sundæfingar verða ekki leyfðar til 23. mars samanber tilmæli ÍSÍ og sundleikfimi eldri borgara fellur niður. Ákvarðanir varðandi opnun sundlauganna verða endurskoðaðar eftir því sem fram líður og metið hvernig til hefur tekist út frá sóttvarnarsjónarmiðum. Verkferlar hafa verið endurskipulagðir með tilliti til nýrra krafna um sóttvarnir og til að tryggja öryggi gesta og starfsfólks.

Skíðalyftur í hverfum og skíðasvæði eru opin eftir því sem veður og skíðafæri leyfir. Fólk er minnt á að hafa tilskilin bil á milli sín í röðum og til greina kemur að setja fjöldatakmörkanir. Nestisaðstaða og snyrtingar eru opnar en veitingasala og skíðaleiga lokuð. Ekki er opið fyrir skólahópa.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn er opin og gestir beðnir að gæta að tveggja metra fjarlægðartilmaelum sóttvarnalæknis. Komið getur til fjöldatakmörkana á ákveðnum svæðum. Veitingasala er lokuð en boðið er upp á nestisaðstöðu og snyrtingar.

Ylströndin í Nauthólsvík er lokuð þar sem aðstaðan býður ekki uppá að hægt sé að tryggja tveggja metra reglu sóttvarnalæknis.

Velferðarsvið

Þegar lýst var yfir neyðarstigi almannavaran þann 6. mars var tekin ákvörðun um að loka starfsstöðvum velferðarsviðs sem halda úti þjónustu og starfsemi fyrir fólk sem er í viðkvæmri stöðu; eldri borgara eða fólk með undirliggjandi sjúkdóma. Um var að ræða félagsstarf á þeim 17 félagsmiðstöðvum sem velferðarsvið rekur og í dagdvöl fyrir heilabilaða á Vitatorgi og dagdvölinni Þorraseli. Þessi ráðstöfun var endurskoðuð hvað varðar dagdvalir en á Vitatorgi er nú tekið á móti einstaklingum auk þess sem Þorrasel býður upp á böðun og þeim einstaklingum sem sækja dagdvölinna er fylgt eftir með símtölum og öðrum tilboðum um þjónustu.

Einnig var ákveðið að draga úr starfsemi skammtíamavistunar fyrir fötluð börn og unglinga og dagþjálfun fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga. Áhersla var þess í stað lögð á einstaklingsbundna nálgun þar sem leitast er við að fylgjast með þörfum hvers og eins með því að bjóða upp á smærri hópa í einu á þessum starfsstöðvum og að starfsmenn komi inn á heimili þessara einstaklinga með stuðning.

Tekið hefur verið fyrir heimsóknir á hjúkrunarheimilin Droplaugastaði og Seljahlíð auk þess sem heimsóknir í þjónustuíbúðir í Seljahlíð eru ekki heimilar þar sem þar eru einnig hjúkrunarrými og sameiginleg rými þjónustuíbúðakjarnans og hjúkrunarrýma.

Aðstandendum íbúa í þjónustuíbúðum á Dalbraut, í Furugerði, við Lindargötu, Lönguhlíð og Norðurbrún hefur verið leiðbeint og þeir beðnir að gæta fyllstu varúðar, draga úr heimsóknnum og vera heldur í símasambandi við íbúa. Einnig er beðið um að gestir dvelji í íbúðum íbúa á meðan á heimsóknnum stendur, ekki í sameiginlegum rýmum. Fólk með kvef eða flensulík einkenni eða sem hafa nýlega ferðast til skilgreindra áhættusvæða er ekki heimilt að heimsækja íbúa.

Önnur þjónusta sviðsins er órofin og er þar átt við þjónustumiðstöðvar í hverfum þar sem opnunartími í þjónustuskála hefur þó verið skertur en símsvörin er allan daginn.

Engin röskun er enn í heimaþjónustu, heimahjúkrun og stuðningsþjónustu en á fimmta þúsund einstaklingar og fjölskyldur fá þjónustu heim. Velferðarsvið sendi ítarlegt upplýsingabréf til allra þessara einstaklinga með leiðbeiningum og upplýsingum um helstu tengiliði þegar neyðarstigi var lýst yfir.

Þjónusta í íbúðakjörnum og sambýlum fyrir fatlaða einstaklinga er viðkvæm og hefur velferðarsvið verið í samskiptum við embætti Landlæknis vegna þessara heimila auk heilsugæslunnar þar sem mikilvægt er að halda úti órofinni þjónustu, þó einstaklingar sem þar búa séu smitaðir. Um er að ræða tugi heimila og töluverð áskorun fyrir stjórnendur og starfsmenn þegar íbúar smitast af Covid- 19.

Opnunartími í gisti- og neyðarskýlum hefur verið rýmkaður bæði í Konukoti og á Lindargötu, þar sem einstaklingar í áhættu dvelja en einnig hefur verið óskað eftir viðbótarhúsnæði á Grandagarði til að auka við rými hjá þeim einstaklingum sem sækja neyðarskýlið þar.

Velferðarsvið vinnur eftir mjög skýrum verkferlum, meðal annars hvað varðar leiðbeiningar til starfsfólks, íbúa og aðstandenda en viðbragðsáætlun sviðsins var virkjuð í byrjun febrúar síðastliðinn. Neyðarstjórn sviðsins heldur daglega fundi en auk hennar hafa verið stofnaðir fjórir undirhópar vegna: 1) heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu 2) Stuðningsþjónustu, gistiskýla og þjónustu við einstaklinga með flóknar stuðningsþarfir (housing first), 3) Búsetu fyrir fatlaða og sambýli 4) Þjónustumiðstöðvar, Barnavernd og skrifstofu velferðarsviðs.

Menningar- og ferðamálasvið

Engar hátíðir eru fyrirhugaðar á vegum borgarinnar næstu fjórar vikurnar. Tekin veður afstaða til þess hvort Barnamenningarhátíð og aðrar hátíðir verði haldnar síðar.

Opnunartími safna Reykjavíkurborgar helst óbreyttur þrátt fyrir samkomubann. Er þá átt við Borgarbókasafnið, Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafnið. Boðuðum viðburðum s.s. leiðsögnum, listsmiðjum og málþingum verður aflýst eða þeim frestað á meðan samkomubannið er í gildi. Á söfnum hafa gestir tækifæri til að halda tilskilinni fjarlægð sín á milli. Varðskipinu Óðinn sem tilheyrir Borgarsögusafni hefur verið lokað vegna þrengsla í skipinu.

Umhverfis- og skipulagssvið

Öll starfsemi umhverfis- og skipulagssviðs helst órofin. Í því felst að öll vetrarþjónusta á götum og stígum, sorphirða, almenn hreinsun borgarlandsins og umhirða opinna svæða verður með hefðbundnu sniði ásamt.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur heldur uppi órofinni þjónustu og sinnir eftirliti og leiðbeiningum til fyrirtækja sem og almennings um það sem varðar hollustuhætti, matvælaöryggi og mengunarvarnir.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur að miklu leyti fært áherslur sínar frá þróunarverkefnum yfir í aðkallandi rekstrar- og tækniverkefni. Öll áhersla hefur verið lögð á að halda upplýsingatækniþjónustu á háu stigi ásamt því að forgangsraða verkefnum á þann veg að nýtist heildarstarfsemi borgarinnar sem best. Áhersla hefur verið lögð á að styðja við breytt vinnulag hjá mörgum af kjarnaeyningum borgarinnar ásamt því að aðstoða við innleiðingu hvers kyns fjarvinnu. Segja má að nú skili sér sú forgangsröðun er stjórnendur borgarinnar settu fyrir um fjórum árum þegar hafin var fjárfesting í uppbyggingu fjarfundatækni. Mikið reynir á upplýsingatækniinnviði Reykjavíkurborgar þessa dagana og mikilvægt er að borgin haldi áfram að leggja áherslu á upplýsingatækni í starfsemi sinni.

Rekstarþjónusta Reykjavíkurborgar hefur aukið þrif í stjórnsýsluhúsum og hugar stöðugt að því að vinnuumhverfi starfsmanna stjórnsýsluhúsa sé öruggt. Það á einnig við um mötuneytisþjónustu sem líkt og annað er í stöðugri endurskoðun. Náíð samstarf er haft við stjórnendur varðandi þessa starfsemi sem og annað og lögð áhersla á að starfsfólk upplifi öryggi og þægindi á vinnustað. Ræstingar hafa verið auknar og séð er fyrir handspritti og öðru er nauðsynlegt er fyrir starfsmenn.

Þjónustuhönnun hefur ásamt framlínuþjónustu einbeitt sér að því að veita sviðum stuðning við að miðla eða breyta þjónustulýsingum og öðru slíku ásamt því að halda úti sem minnst skertri framlínuþjónustu í Borgartúni. Gagnaþjónusta gerir slíkt hið sama en sú starfsemi ásamt annarri fastri starfsemi sviðsins er að mestu óbreytt þó að starfsfólk vinni þessa dagana störf sín jafnt í fjarvinnu sem á skrifstofu.

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur áherslu á að verja þá starfsemi sem skal vera órofin samkvæmt neyðaráætlun sviðsins, það er m.a. starfsemi launaskrifstofu, kerfisumsjón fjárhags- og mannauðsupplýsingakerfa, fyrirvar vegna mannvirkja borgarinnar, meðhöndlun tjóna, greiðsla launa og mikilvægra krafna. Skrifstofu sviðsins hefur verið skipt upp í rými og starfsmenn vinna að hluta til heima eftir því sem unnt er, en þannig hefur verið unnt að fækka á vinnustaðnum og standa við fjarlægðartakmarkanir.

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs leiðir starfshóp sem settur hefur verið á fót um aðgerðir í efnahags- og fjármálum vegna áhrifa af COVID-19. Hlutverk starfshópsins er að vera borgarstjóra og neyðarstjórn Reykjavíkur til ráðgjafar varðandi viðbrögð við efnahagslegum afleiðingum COVID-19 faraldursins og leggja fram greiningar og tillögur að aðgerðaráætlunum þess efnis. Hópurinn hefur

síðustu vikuna unnið að því að taka saman fyrstu drög að mögulegum skammtíma- og langtímaáhrifum á rekstur og efnahag borgarinnar með sviðsmyndagreiningum, sem kynntar verða í borgarráði 19. mars.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Stór hópur starfsfólks Reykjavíkurborgar hefur orðið fyrir röskun á högum og daglegu lífi undanfarna daga og vikur vegna COVID-19.

Mannauðs og starfsumhverfissvið hefur lagt ríka áherslu á að koma skýrum leiðbeiningum og upplýsingum til stjórnenda og starfsfólks er snúa að réttindum starfsfólks, mögulegum breytingum á starfi og starfsumhverfi vegna aðstæðna sem skapast hafa í þessu fordæmalaus ástandi sem ríkir vegna COVID-19. Í því samhengi hefur verið lögð áhersla á að veita samræmda ráðgjöf og túlkun og vera í samvinnu við aðra opinbera aðila.

Þétt samstarf hefur verið við mannauðsstjóra fag- og kjarnasviða borgarinnar og miðað að því að styðja við starfsemi þeirra með ráðgjöf og leiðbeiningu og leita lausna á flóknum aðstæðum og úrlausnaefnum sem hafa skapast.

Sviðið hefur unnið að nýju upplýsingasíðunni á innri vef og lagt áherslu á þýðingar efnis sem þar er að finna fyrir starfsfólk af erlendum uppruna.

Þá hafa fulltrúar mannauðs- og starfsumhverfissviðs unnið með félags- og barnamálaráðuneytinu að því að koma á fót bakvarðasveit velferðarþjónustu til að geta mætt því ástandi sem er að skapast á starfsstöðum á velferðasviðs.

Helga Björg Ragnarsdóttir
skrifstofustjóri